



154. fundur

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 2. október kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson og Ragnar Bjarnason.

Að auki sat fundinn Margrét Snorradóttir sem ritaði fundargerð. Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri mætti til fundarins kl. 15:00 og tók við ritun fundargerðar af Margréti.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 24.09.2014
2. Fundargerð Fræðslunefndar frá 16.09.2014
3. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 29.09.2014
4. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Vallarhús
5. Fjárlaganefnd Alþingis – fundarboð
6. Samningur við Landsnet
7. Lánaafgreiðsla

1. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 24.09.2014

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 24. september s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í 4 liðum.

2. liður fundargerðar; Lundarbrekka I í Bárðardal, stofnun lóðar.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast skráningu lóðarinnar í fasteignagrunni Þjóðskrár.

3. liður fundargerðar; Þeistareykir, stofnun lóðar undir hesthús.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast skráningu lóðarinnar í fasteignagrunni Þjóðskrár.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

2. Fundargerð Fræðslunefndar 16.09.2014

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 16. september s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni sem er 7 liðum.

6. liður fundargerðar; Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum, m.a. í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn samþykkir að sveitarstjóri verði sá tengiliður utan skóla sem foreldrar geta leitað til vegna aðgengis að sérfræðiþjónustu.

7. liður fundargerðar; Önnur mál.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kanna grundvöll fyrir að halda íslenskunámskeið fyrir nýbúa í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

3. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 29.09.2014

Lögð fram fundargerð Atvinnumálanefndar frá 29. september s.l. Árni Pétur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er 4 liðum.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

4. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Vallarhús

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 29. september s.l. þar sem Dagbjört Jónsdóttir f.h. Þingeyjarsveitar sækir um endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu gistingar í Vallarhúsi við Íþróttarvöll á Laugum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við endurnýjun rekstrarleyfisins fyrir sitt leyti.

5. Fjárlaganefnd Alþingis – fundarboð

Fyrir fundinum liggur fundarboð frá Fjárlaganefnd Alþingis dags. 16. september s.l. þar sem nefndin býður fulltrúum sveitarfélaga til viðtals um fjármál sveitarfélaga í tengslum við vinnu nefndarinnar vegna fjárlagafrumvarps 2015. Óskað er eftir því að sveitarfélög leggi áherslu á málefni sem varða fjármálasamskipti ríkis og sveitarfélaga.

Samþykkt að sveitarstjóri og oddviti fari á fundinn.

6. Samningur við Landsnet

Fyrir fundinum liggur samningur milli Þingeyjarsveitar og Landsnets hf. um uppgjör fébóta vegna lagningu tveggja 220 kV háspennulína, Hólasandslína 1 og Þeistareykjalína 1 og ljósleiðara, í landi jarðarinnar Þeistareykja.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

7. Lánaafgreiðsla

Lagðir fram tveir lánasamningar frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. og teknir til afgreiðslu, sbr. samþykki og bókun sveitarstjórnar í 4. og 5. lið fundargerðar dags. 18. september s.l.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 31.000.000 kr. til 10 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna kaup á skólahúsnæði, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Dagbjörtu Jónsdóttur, kt: 250168-5359, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Þingeyjarsveitar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 64.700.000 kr. til 8 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til endurfjármagna hluta láns Sorpsamlags Þingeyinga, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Dagbjörtu Jónsdóttur, kt: 250168-5359, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Þingeyjarsveitar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Lagt fram til kynningar:

- a) Fundargerð 818. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- b) Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga ehf frá 15.09.2014
- c) Fundargerð stjórnar DA frá 17.09.2014

Fleira ekki gert og fundi slitið 15:40

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Árni Pétur Hilmarsson

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Heiða Guðmundsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Ragnar Bjarnason